



# **Stefna ReykjavíkurAkademíunnar 2021-2025**



Útgefandi: ReykjavíkurAkademían ses  
Útgáfustaður og ár: Reykjavík, 2021  
Ritstjóri: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Stjórn RA: Ingunn Ásdísardóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Gylfi Gunnlaugsson,  
Kristín Jónsdóttir, Lilja Hjartardóttir og Ingimar Einarsson.  
Umsjón og ut anumhald: Guðrún Ragnarsdóttir, Strategíu  
Umbrot og hönnun: Blek – [www.blekhonnun.is](http://www.blekhonnun.is)  
Ljósmyndir: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir  
Prófarkalestur: Ingunn Ásdísardóttir



## Stefnuföst inn í framtíðina

Hagstætt vinnuumhverfi er forsenda allrar fræða- og listsköpunar. Því er í nýrri stefnu Reykjavíkur-Akademíunnar til fimm ára, 2021-2025 lögð áhersla á að styrkja bakland og sýnileika sjálfstætt starfandi fræðimanna með eflingu innviða stofnunarinnar sjálfrar og þjónustu við félagsmenn.

Af sömu ástæðu mun RA á næstu fimm árum vinna að því að styrkja og skýra ytra starfsumhverfi sjálfstætt starfandi fræðimanna. Opinn aðgangur að niðurstöðum rannsókna er mikilvægur öllu samfélaginu en sjálfstætt starfandi fræðimönnum er ekki síður mikilvægt að fá óheftan aðgang að sömu gagnagrunnum og kollegar sem starfa við opinbera háskóla og stofnanir. Þá munu aukin tengsl Akademíunnar við aðrar stofnanir fjölga tækifærum félagsmanna hennar til samstarfs um rannsóknir og nýsköpun og þar með á öflun styrkja úr innlendum og erlendum sjóðum.

Rannsóknir þeirra beinist gjarnan að viðfangsefnum sem nýtast sem grunnur að hverskonar fræða- og listsköpun innan og utan hins opinbera menntakerfis enda niðurstöður þeirra gjarnan ritaðar á íslensku með íslenskan almenning í huga. Þá nýtast verk sjálfstætt starfandi fræðimanna gjarnan til nýsköpunar til dæmis í ferðaþjónustu og ýmiss konar afþreyingu.

Framlag sjálfstætt starfandi fræðimanna fellur því óneitanlega vel að þeim tveimur meginmarkmiðum Vísinda og tækniráðs að treysta stóðir íslenskrar menningar og að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Nú hefur heimsfaraldurinn hins vegar dregið athyglina að bágunum kjörum og starfsaðstæðum sjálfstætt starfandi fræðimanna og því hversu illa starfsemi þeirra birtist í opinberum tölum sem stjórnvöld og stéttarfélög byggja á við stefnumótun og ákvarðanatöku. Það er því eitt af viðfangsefnum komandi mánaða að skýra betur en nú er gert þann ávinning sem vinna og sköpunarkraftur sjálfstætt starfandi fræðimanna skilar íslensku samfélagi í formi aukinnar þekkingar, sjálfsskilnings þjóðarinnar og fjárhagslegs ávinnings.

Viðspyrna sjálfstætt starfandi fræðimanna mun byggja á því að sjóðir sem styrkja rannsóknir og sköpun einyrkja og minni hópa verði eflir. Á síðustu árum hefur tilhneigingin hins vegar verið sú að opinbert fé rennur til sjóða sem mæta þörfum stærri rannsóknarhópa meðan tækifærum sjálfstætt starfandi fræðimanna til langtímafjármögnunar rannsóknaverkefna hefur fækkað.

Stefna ReykjavíkurAkademíunnar 2021-2025 byggir á niðurstöðum stefnumótunarfundar akademóna sem fram fór í Skálholti síðla hausts árið 2019 sem Guðrún Ragnarsdóttir hjá Strategíu undirbjó, stýrði og vann úr. Að auki liggja til grundvallar heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum eins og þau birtast í Vísinda- og tæknistefnu 2020-2022. Einnig skýrslan Grunnrannsóknir á Íslandi. Samantekt um mikilvægi grunnrannsókna fyrir samfélagið og helstu hagtölur (2021) sem var unnin í samvinnu Vísindafélags Íslendinga, FEDON og ReykjavíkurAkademíunnar. Þá má nefna nýútkomna skýrslu Sesselju G. Magnúsdóttur, RannsóknarSmiðja RA, saga og markmið og hlutverk, starfsemi og þjónustu RA eins og þau eru skilgreind í gildandi samningi við menntamálaráðuneytið.

Þegar þessi orð eru skrifuð er ReykjavíkurAkademían á miðju tuttugasta og fimmta starfsári sínu. Á slíkum tímamótum er vænlegt að horfa yfir farinn veg, lyfta fram því sem vel hefur verið gert og læra af því sem miður fór. Mikilvægara er þó að skilgreina þau verkefni sem við blasa og halda stefnuföst inn í framtíðina. Væntingar stjórnenda RA eru þær að á næstu árum muni ímynd RA styrkjast verulega, félagsmönnum og rannsóknaverkefnum fjölga og samráð og samvinna efla við atvinnulíf, sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagasamtök.

# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sautján heimsmarkmið um sjálfbæra þróun sem gilda fram til ársins 2030 og lýsa stærstu viðfangsefnum og helstu áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir.

Aðildarríkin hafa skuldbundið sig til að innleiða markmiðin og þá er lausna gjarnan að leita í þekkingu sérfræðinga, í rannsóknum fræðimanna og í listum og menningu. ReykjavíkúAkademían starfar í þágu samfélagsins alls og þar eru öll heimsmarkmiðin höfð til hliðsjónar í þeim verkefnum sem þar er unnið að.

Heimsmarkmiðin eru í eðli sínu samþætt og mynda jafnvægi milli allra þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.

Helsta framlag ReykjavíkúAkademíunnar er að leggja grunn að upplýstri umræðu og ákvarðanatöku um flókin álitamál, annars vegar með iðkun fræða og lista og hins vegar með lýðræðislegu samtali við íslenskt samfélag. Til þess að tengja starfsemi ReykjavíkúAkademíunnar enn betur við heimsmarkmiðin hefur verið sett á fót nefnd innan stofnunarinnar. Nefndin hefur það hlutverk að innleiða heimsmarkmiðin betur í starfseminu og að gera sýnilegri, m.a. undir merkjum Stríks í reikninginn, vettvangi fyrir samfélagsrýni og með miðlun verkefna á vef stjórnvalda Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun.

## HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun




# Þríþætt hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar

Frá stofnun ReykjavíkurAkademíunnar árið 1997 hefur hún verið bakhjarl sjálfstætt starfandi fræðimanna við rannsóknir og miðlun fræðilegra afurða og tengiliður þeirra við íslenskt samfélag, háskóla og atvinnulíf. Starfsemi Akademíunnar er í þágu íslensks samfélags og viðfangsefni allra sem innan hennar starfa eru menning, saga og samfélag í víðu samhengi.

Hornsteinn ReykjavíkurAkademíunnar er þverfaglegt (háskóla)samfélag sem speglar þann breiða og litríka hóp fræðimannanna sem þar starfa. Í Akademíunni er fjölbreytileikinn í hávegum hafður og þar starfa saman í nánú sambýli einyrkjar og rannsóknahópar sem sinna verkefnum í hug og félagsvísindum, menningu og listum og stofnanir og fyrirtæki sem vinna á sviði fræða og menningar. Þar skiptir sköpum góð aðstaða í Þórunnartúni, öflugir rannsóknainnviðir og rafrænir miðlar sem eru í stöðugri þróun.

Þríþætt hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar hefur verið skilgreint út frá ofangreindum grunni.





## Framtíðarsýn ReykjavíkurAkademíunnar byggir á fjórum meginstoðum



Innan hvernar stoðar hafa verið skilgreind mælanleg markmið, áherslupættir og verkefni sem unnið verður að á næstu fimm árum.

## Í þágu samfélagsins

## Starfar í þágu samfélagsins sem aflvaki gagnrýnnar hugsunar og miðlunar

### Áherslupættir

Skýra hlutverk RA og stjórnskipulag

### Verkefni

- Styrkja ímynd RA
- Endurskoða samþykktir RAses og lög FRA þannig að hlutverk RA og innra stjórnskipulag sé skýrt
- Hlutverk RA sem málsvari sjálfstætt starfandi fræðimanna verði eftt
- Skipuleggja skjalasafn RA og hefja söfnun heimilda um starfsemi stofnunarinnar á meðal núverandi og fyrrverandi félaga
- Yfirfara og umskrifa efni á heimasíðu RA og fylla í eyður sem þar kunna að vera

Skýra stefnu og grundvöll starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar

- Vinna stefnu RA í rannsóknum og miðlun
- Vinna að réttisýnum og grænum rekstri og innleiða siðareglur
- Þróa og innleiða lykiltölur sem spegla starfsemi stofnunarinnar
- Tryggja langtímafjármögnun stofnunarinnar
- Vinna markvisst að því að RA sé aflvaki gagnrýnnar hugsunar

Réttindi og skyldur félagsmanna FRA séu öllum skýr.

- Efla þjónustu við félaga FRA
- Skýra réttindi og skyldur félaga í FRA, einnig þeirra sem leigja starfsaðstöðu í Þórunnartúni

Ánægja félagsmanna með starfsemi RA mælist 4,5 af 5 mögulegum.

Gerir sig gildandi

Gerir sig gildandi sem virk og áhrifarík rödd í fræðilegri og almennri umræðu í samfélaginu

### Áherslupættir

Auka sýnileika ReykjavíkurAkademíunnar og sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Efla kynningu á félögum, þekkingu þeirra og færni.

Efla rannsóknarinnviði og miðlun sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Fjöldi greina og umfjallana á vegum félagsmanna aukist um 10% á ári þegar kemur að almennri umræðu

### Verkefni

- Búa til farveg fyrir sjónamið sérfræðinga á málefnum dagsins (Strik í reikninginn, vettvangur samfélagsrýni)
- Skapa sameiginlega ásjúnd þar sem fræðimenn RA, noti merkið þegar við á, glærur og önnur kynningagögn
- Vinna veflæga ritaskrá (erindi og birtingar) fyrir RA 1997-2022
- Bæta heimasíðuna og þýða valda hluta hennar á ensku
- Efla útgáfu á vegum RA
- Bæta tengsl við atvinnulífið og vinna að hagnýtingu fræðanna
- Auka sýnileika fræðimanna m.a. með gerð veflægs félagatals
- Byggja veflæga þjónustugátt sem fangast upp af leitarvélum
- Fara í skipulagt markaðsáttak
- Efla rannsóknþjónustu RA og bæta tengingar við rannsóknargagnagrunna
- Bæta funda- og fyrirlestraáðstöðuna í Dagsbrún
- Laða til okkar doktorsnema, nýdoktora og reyndari fræðimenn.
- Kynna starfsemi RA fyrir háskólastúdendum í hug- og félagsvísindum
- Tryggja fjölbreytni fræðimanna hvað varðar kyn, aldur og bakgrunn
- Vinna að opnum aðgangi og gera óútgífið efni fræðimanna RA aðgengilegt á vefnum
- Koma á fót umræðuhópi sem fjallar um rannsóknir
- Fjölga minni og stærri umsóknum í innlenda og erlenda sjóði



## Í samstarfi og tengslum

## Er í samstarfi og tengslum við aðrar stofnanir, innlendar sem erlendar

### Áherslupættir

Fjölga snertiflötum við aðrar stofnanir

Styrkja ytra starfsumhverfi sjálfstætt starfandi fræðimanna.

Fjöldi samstarfsverkefna aukist um 5% á ári

### Verkefni

- Skilgreina sérstöðu Akademiunnar og sjálfstætt starfandi fræðimanna
- Leita uppi og koma á samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir um sameiginlega snertifleti
- Fjölga samstarfsverkefnum milli RA og annarra stofnana og fyrirtækja
- Að framlag sjálfstæðra fræðimanna til vísinda og nýsköpunar verði sýnilegt í hagtölum
- Að stjórnvöld hafi sjálfstætt starfandi fræðimenn í huga við gerð stefnumótunar
- Að sjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna verði eflður
- Að aðgengi sjálfstætt starfandi fræðimanna að nauðsynlegum rannsóknagagnagrunnum verði tryggður

## Eftirsóknar- verð

Er eftirsóknarverð starfsstöð og þáttökuvettvangur fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn á sviðum menningar, hug- og félagsvísinda

### Áherslupættir

Bæta aðstöðuna fyrir félagsmenn

Auka tengsl milli akademóna

Efla þjónustu við fræðimenn

Fjölgun  
félagsmanna  
um 5% á ári

### Verkefni

- Yfirfara og endurnýja búnað í herbergjum og endurraða þar sem þess gerist þörf
- Auka aðgengi félagsmanna að þjónustu í Þórunnartúni á grundvelli niðurstöðu þjónustukönnunar
- Auka upplýsingamiðlun til félagsmanna með nýjum póstlista FRA og útgáfu fréttabréfa
- Fjölga aðildarfélögum í félaginu og bæta tengsl við stjórnir þeirra
- Ráða amtmann til starfa
- Starfa með stjórn FRA að því að efla félagslíf og tengsl og styðja félagsmenn í að hrinda hugmyndum í framkvæmd
- Bæta móttöku nýrra akademóna
- Skipa og styðja við starfsnefndir akademóna
- Styrkja Bókasafn Dagsbrúnar sem fræðibókasafn meðal annars með ráðningu upplýsingafræðings
- Styðja betur við fræðimenn sem stýra samstarfsverkefnum
- Efla rannsóknþjónustuna

# REYKJAVÍKURAKADEMÍAN



